

gjörir neina breytingu á hlutfalli því, sem ákveðið er í lögnum eða seinni tilskipunum, meðal ýmsra flokka af forgangskröfum, hvers til annars, og skal þess sèr í lagi gætt, að gjöld til ríkissjóðsins ganga fyrir sveitargjöldum.

1869.  
11. desbr.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

**90. Opíð bréf handa Íslandi, um aðra skiptingu á lyfjavoginni en hingað til.** 11. desbr.

Vèr Kristján hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs handa Íslandi um aðra skiptingu á lyfjavoginni en hingað til, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Í stað lyfjavogar þeirrar, sem höfð hefir verið hingað til á Íslandi, skal viðhafa hið frakkneska gram-kerfi þegar læknar eða dýralæknar segja fyrir um læknislyf, og þau eru af hendi látin frá lyfjabúðunum sem læknisdómar.

2. grein.

Konungur úrskurðar, hvenær þetta opna bréf skuli öðlast gildi, og skipar nákvæmar fyrir um það sem með þarf útaf því.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.